

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendi - norðursvæði. Faldarhvarf 8, 10 og 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 26. janúar 2016 breytt deiliskipulag fyrir Faldarhvarf 8, 10 og 12. Í breytingunni felst að bílskúr húss nr. 8 er færður af norðvesturhorni yfir á norðausturhorn þess. Einnig breytast aðkomukótar húsa nr. 10 og 12. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. febrúar 2016.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2016